

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 — 1988

24. október 1988

1241

Nr. 480

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 618/1987, um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga.

1. gr.

1. mgr. í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:

Heilbrigðisráðherra er heimilt til 30. júní 1989 að víkja frá skilyrðum 2. gr. þegar í hlut eiga umsækjendur, sem hafa menntun á þessu sviði, þótt hún jafngildi ekki þeim kröfum sem fram koma í 2. gr., enda séu þeir í starfi sem talmeinafræðingar við gildistöku reglugerðarinnar og hafi starfað sem slíkir samfellt síðustu 3 ár fyrir gildistöku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. október 1988.

Guðmundur Bjarnason

Ingimar Sigurðsson.

28. október 1988

Nr. 481

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178, 8. apríl 1988, um gjald af erlendum lánnum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

Í viðauka með reglugerð nr. 178/1988 skulu bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

2009.2001	3920.3009	3920.6109	7310.2100
2106.9011	3920.4109	3923.3000	7310.2900
3920.1009	3920.4209	4823.1100	7612.9000
3920.2009	3920.5100	7010.9000	8309.1000
			8309.9000

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og með vísan til 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 178/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. október 1988.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Ari Edwald.